

**Ed**

**628. Nefndarátt**

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild hefir kosið til að athuga nefnt frumvarp, leyfum oss hjer með að taka fram tillögur vorar, er það snerta, á þessa leið:

Í frumvarpi þessu er eigi aðeins það, sem sparast hefir á einum gjaldalið annað árið, dregið frá því, sem greitt hefir verið umfram fjárveitingu seinna árið, heldur er og, að því er snertir flutningabrautirnar og þjóðvegina, hinum ýmsu gjaldaliðum slegið saman, svo að það, sem ónotað hefir verið af fje því, sem veitt var á einum lið, hefir verið látið koma upp í það, sem varið hefir verið fram yfir það, sem veitt var á öðrum lið. Fjárveitingin í frumvarpi því, er fyrir liggur, snertir því að eins það, sem á fjárhagstímabilinu hefir samtals verið varið til flutningabrauta og þjóðvega umfram það, sem löggjafarvaldið hafði heimilað. Þetta þykir oss ekki rjett regla, heldur að það eigi að bera undir atkvæði alþingis umframgreiðslurnar á hinum einstöku liðum fjárlaganna; en af því að vjer mundum hafa lagt það til, að umframgreiðslurnar á hinum einstöku liðum í þetta sinn yrðu allar samþyktar, þá viljum vjer eigi bera nú fram neina breytingartillögu um þetta, en viljum þó ekki, að þessi aðferð sje skoðuð sem neitt fordæmi fyrir framtíðina.

Í frumvarpinu eru taldar sparaðar á árinu 1912 til þjóðvega kr. 2982,08  
Veitt var til þjóðvega það ár í fjárlögunum . . . . . kr. 43,100,00  
En varið var til þjóðvega það ár . . . . . — 40,127,92

Mismunur því — 2,972,08

Ennfremur er prentvilla í samtölunni kr. 2656,94 fyrir kr. 2686,94. Þetta er leiðrjett með fyrstu breytingartillögu vorri.

Útgjöld kennaraskólans hafa árið 1913 farið samtals kr. 303,11 fram yfir fjárveitingu, og sýnist oss ástæða til, að sú upphæð sje öll tekin upp í fjáraukalögin.

Til sundkenslu í Reykjavík höfðu verið veittar fyrir árin 1910 og 1911 300 kr. hvort ár, sem ekki hafði verið vitjað á þeim árum, en þær voru svo borgaðar út árið 1912. Oss þykir rjett að taka upphæð þessa upp í fjáraukalögin til endurveitingar.

Árið 1912 fór útborgaður námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 225 kr. fram yfir fjárveiting. Þótt upphæð þessi hafi sparast á undangengnu fjárhagstímabili, þykir oss rjett að taka hana upp til endurfjárveitingar.

## BREYTINGARTILLÖGUR

vorar verða því þessar:

1. Við 5. gr. B. III. (þjóðvegir) fyrir kr. 2982,08 komi:  
kr. 2972,08.  
og í samtölunum: fyrir kr. 1403,89 komi:  
kr. 1413,89.  
fyrir kr. 2656,04 komi:  
kr. 2696,04.
2. Við 6. gr. IV. (Kennaraskólinn):  
Fyrir kr. 248,63 komi:  
303,11.  
og eftir IV. b. 3 komi:  
4. og 6.

3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:  
Sundkensla í Reykjavík 1912 kr. 600,00.
4. Við 8. gr.: Á eftir »Við 5. lið« bætist inn í:  
Við 27. lið. Námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 1912 kr. 225,00.

Efri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

Björn Þorláksson,  
formaður og frsm.

Eiríkur Briem,  
skrifari

Guðm. Ólafsson.